

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Sigríður Svana Helgadóttir
Skuggasund 1
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 27. apríl 2022
Málsnúmer: 202204-0020
LA/SS

Efni: Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um fyrirspurn varðandi forkaupsrétt ríkissjóðs á jörðinni Heiði í Skaftárhreppi.

Í bréfi frá Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti dags. 13. apríl 2022, er óskað eftir umsögn varðandi sölu á jörðinni Heiði í Skaftárhreppi, landnr. 163354, og hvort ríkissjóður eigi að nýta forkaupsrétt samkvæmt 5. mgr. 37. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013. Innan jarðarinnar er Fjaðrárgljúfur sem er á náttúruminjaskrá sem aðrar náttúruminjar en á vef Umhverfisstofnunar stendur: „703. Fjaðrárgljúfur, Skaftárhreppi, V-Skaftafellssýslu. (1) Gljúfrið allt. (2) Tilkomumikið gljúfur í móbergi.“ Svæðið er einnig innan Kötlu jarðvangs sem þrjú sveitarfélög á Suðurlandi standa að, en það eru Rangárþing eystra, Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur farið yfir tiltæk gögn er varða Fjaðrárgljúfur.

Fjaðrárgljúfrið er tilkomumikið, um 1,5 km á lengd og mesta dýpt er um 100 m. Það er gott dæmi um virk ferli landmótunar sem hófst í lok síðustu ísaldar fyrir um 10.000 árum og er enn í gangi. Ofan við Fjaðrárgljúfur eru malarhjallar sem benda til þess að jökullón hafi myndast fyrir framan hörfandi jökul og vegna fyrirstöðu sem lá efst í núverandi gljúfri. Lónið hefur fyllt tiltölulega fljótt upp af framburði, en vatnsmiklar og aurugar jökulár áttu síðar auðvelt með að rjúfa sér farveg í undirliggjandi berggrunn úr móbergi. Efstu malarhjallarnir marka hæsta yfirborð jökullónsins en hjallar sem liggja lægra marka roffleti jökulárinnar á mismunandi stigum landmótunar. Innst í Fjaðrárgljúfri eru fossar og þó að Fjaðrá sé mun kraftminni en vatnsmiklu jökulárnar í lok ísaldar, þá er landmótun gljúfursins enn í gangi (Heimild: Snæbjörn Guðmundsson 2015: Vegvísir um jarðfræði Íslands. Mál og menning, Reykjavík, bls. 182-183).

Fjaðrárgljúfur hefur mikið fræðslugildi er varðar virka landmótun og er vinsæll áningarstaður ferðamanna. Þar er gott aðgengi fyrir ferðamenn og síðustu ár hefur verið mikið álag á svæðinu. Má þar nefna að göngustígum hefur verið lokað vegna aurbleytu og gróðurþekjan látið á sjá vegna ágangs. Katla jarðvangur fékk styrk frá Evrópusambandinu 2012 sem m.a. var nýttur til að byggja upp innvíði svæðisins s.s. salernisaðstöðu og göngustíg meðfram gljúfrinu. Þá hefur Skaftárhreppur fengið úthlutað styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamanna til innvídauppbyggingar á svæðinu. Umhverfisstofnun hefur haft landvörslu á svæðinu frá 2017 í samstarfi við sveitarfélagið og Kötlu jarðvang og hefur verið vaktað sem hluti af verkefni Náttúrufræðistofnunar um vöktun náttúruverndarsvæða.



Vesturmörk jarðarinnar Heiði liggur með Fjaðrá og því tilheyrir eingöngu eystri hluti Fjaðrárgljúfurs landareigninni. Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að vernda svæðið, fylgjast með ágangi og reyna eftir fremsta megni að stýra þeim mikla fjölda ferðamanna sem þangað sækja allan ársins hring.

Fjallvegurinn upp að Lakagígum liggur í gegnum jörðina Heiði á Síðu og í því liggja ríkir almannahagsmunir varðandi aðgengi að Lakagígum.

Náttúrufræðistofnun Íslands mælir með því að ríkissjóður kaupi jörðina Heiði á Síðu í Skaftárhreppi.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs
Náttúrufræðistofnun Íslands

